

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028, landnotkunarbreytingar innan Hallormsstaðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. maí 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 frá 21. desember 2009.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- 1) Athafnasvæði A11 er minnkað úr 9,1 ha í 5,8 ha.
- 2) Afmörkun blandaðs stofnana-, verslunar- og þjónustusvæðis T15/V14 er breytt og svæðið minnkað úr 12,6 ha í 11,5 ha.
- 3) Athafnasvæði A9 austan þjóðvegur 1,1 ha að stærð er fellt niður og opið svæði til sérstakra nota stækkar þess í stað.
- 4) Nýju 1,6 ha athafnasvæði með auðkennið A9, vestan þjóðvegur, í stað opins svæðis, blandaðs opins svæðis og verslunar- og þjónustusvæðis V9/O18.
- 5) Afmörkun íbúðasvæðis B6 breytt, stækkar í 9,4 ha og er þá að hluta inni á hverfisverndarsvæði H7.
- 6) Iðnaðarsvæði I14 er minnkað úr 0,3 ha í 0,1 ha.
- 7) Blandað opið svæði og verslunar- og þjónustusvæði V9/O18 er minnkað úr 4,6 ha í 3,2 ha og afmörkun þess breytt.
- 8) Hverfisverndarsvæði H7 er stækkað til suðausturs úr 4,1 ha í 6 ha.
- 9) Opið svæði O18 minnkar um 0,4 ha í 3,2 ha, O19 stækkar um 4 ha og opið svæði O20 stækkar úr 14,1 ha í 15,2 ha.
- 10) Gönguleið yfir hið blandaða svæði V9/O18 og gönguleið á svæði B6 eru felldar niður og þess í stað sýndar götur á korti.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. maí 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.